

Dagana 3. og 31. mars 2017 verður PRIDE námskeið fyrir fósturforeldra sem eru með börn innan fjölskyldu í fóstri. Námskeiðið verður haldið í fundarsal Barnaverndarstofu í Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Hér að neðan er yfirlit yfir námskeiðið þ.e. tímasetningar og innihald þess.

Námskeiðið fjallar um þörf barns fyrir öryggi; sorgarúrvinnslu; umsjá barna annarra; samstarf innan fjölskyldu og breytingar á hlutverkum innan fjölskyldu auk hlutverks hins opinbera í fósturráðstöfun.

Námskeiðið er haldið tvo eftirmiðdaga. Þátttakendafjöldi er að hámarki 20 og er mikilvægt að allir geti mætt báðum dögum. Fræðslan fer fram með fyrirlestrum, umræðum, hópavinnu, myndböndum og æfingum. Þátttakendur fá kennslufni og veitingar meðan á námskeiðinu stendur, þeim að kostnaðarlausu en standa sjálfir straum af ferðum, gistingu og upphaldi. Í lok námskeiðs fara leiðbeinendur í heimsókn á heimili þátttakenda.

Barnaverndarstofa hefur afnotarétt af fræðslufni sem nefnist Foster-Pride sem er bandarískt að uppruna. Námskeiðið hefur verið haldið frá árinu 2004 á vegum Barnaverndarstofu en er nú í fyrsta sinn sérsníðið að þörfum þeirra sem eru með börn innan fjölskyldu í fóstri. Um er að ræða grunnnámskeið byggt á Foster-Pride sem ætlað er að veita þekkingu og skilning á þáttum sem flestir fósturforeldrar takast almennt á við. Námskeiðið leggur auk þess áherslu þætti sem skipta máli fyrir fósturforeldra barna innan fjölskyldu eða vegna annarra tengsla.

Yfirlit yfir innihald námskeiðs á vegum Barnaverndarstofu vor 2017 fyrir fósturforeldra sem fóstura börn vegna ættartengsla eða vensla

1. hluti

Föstudagur 3. mars, 2017, kl. 13:00-19:00

Lota 1. Kynning á PRIDE fyrir ættingja

Í lotu 1 fá þátttakendur innsýn í markmið Pride-námskeiðsins og vinnuaðferðir. Fjallað er um fósturmál almennt og hæfniskröfur sem eru gerðar til fósturheimila. Sýnd eru myndbönd sem gefa innsýn í barnaverndarstarf og fósturmál. Lífsbókin (vinnubókin) og heimaverkefni eru kynnt. Ýmis námskeiðsgögn eru afhent s.s. kennslubók, barnaverndarlög, reglugerðir o.fl. hagnýtt fyrir fósturforeldra.

Lota 2. Lagagrunnur og reglur varðandi fósturheimili

Í lotu 2 er farið yfir löggjöf og heimildir barnaverndarnefnda og reglugerðir sem fósturheimili starfa eftir. Þessi lota fjallar einnig um hve mikilvæg samvinnan er þegar fósturbarn og kynforeldrar þess eiga í hlut og hið sérstaka hlutverk sem fósturforeldrar gegna í samvinnunni.

Lota 3. Að mæta þörfum barns fyrir öryggi

Í lotu 3 er farið í gegnum grunninn varðandi þroska barns. Mikilvægi nærveru og tengsla er sérstaklega rætt með áherslu á hvað fósturforeldrar geta gert til að skapa eða endurvekja traust hjá barni sem hefur verið vanrækt á einhvern hátt.

Lota 4. Að upplifa missi eða sorg

Í lotu 4 er fjallað um ýmis atriði sem geta haft áhrif á þroska barns. Erfið reynsla barnsins áður en því er komið í fóstur og hvernig er hægt að hjálpa barninu að takast á við sorgina vegna viðskilnaðar við fjölskyldu og áhrif þess á þroskaferil. Þátttakendur velta fyrir sér hvernig þeir sjálfir hafa sigrast á sorgum í lífinu og hvernig sú reynsla getur hjálpað þeim að styðja barnið í gegnum sorgarferlið.

2. Hluti

Föstudagur 31, mars, 2017, kl. 13:00-19:00

Lota 5. Að ala upp barn

Lögð áhersla á þá áskorun sem felst í því að taka barn í fóstur. Fjallað er um uppeldi, aga og viðbrögð við hegðun. Ákvæði laga um bann við líkamsrefsingum eru kynnt og vakin er athygli á neikvæðum áhrifum andlegra og líkamlegra refsinga. Fjallað er um jákvæðar og uppbyggjandi leiðir til að kenna börnum að sýna tilfinningar sínar á viðurkenndan hátt. Þátttakendur fá fræðslu um orsakir sterkra tilfinninga fósturbarna og hvernig þessar tilfinningar hafa áhrif á hegðun þeirra og hvernig fósturfjölskyldur geta komið til móts við börnin á skilvirkan og áhrifaríkan máta.

Lota 6. Að styðja tengsl við fjölskyldu

Fjallað er um mikilvægi fjölskyldu fyrir þroska barns, sjálfsmynd, samfélagsaðlögun og sjálfstraust. Í tímabundnu fóstri vinnur barnaverndin að því að barn fari aftur til fjölskyldu sinnar og fjallað verður um hvernig hægt er að létta barni heimkomuna. Einnig er fjallað um hvernig hægt er að styðja tengsl barns við kynfjölskyldu sína þrátt fyrir að barni sé komið í varanlegt fóstur og markmiðið að barnið flytji ekki aftur til kynforeldra og hvernig best sé að standa að slíkri umgengni.

Lota 7. Að lifa með breytingum

Rætt er um áhrif fósturbarns á líf fósturfjölskyldu. Lögð er áhersla á fyrstu tímana, dagana og vikurnar eftir að barnið kemur á fósturheimilið. Á hverju getur maður átt von, hvaða spurninga eiga fósturforeldrar að spyrja og hvernig er hægt að láta barninu líða vel í þessum breyttu aðstæðum? Langtímaáhrif á líf fósturfjölskyldunnar eru einnig rædd sem og hugsanlegar ásakanir um ofbeldi eða annað misferli og skoðaðar leiðir til að reyna að koma í veg fyrir slíkt.

Lota 8 Hlutverk barnaverndarnefndar gagnvart fósturheimilinu

Fjallað er um eftirlitshlutverk barnaverndarnefndar með fósturheimilinu og aðra þætti sem skipta máli varðandi fósturráðstafanir, s.s. greiðslur, umgengni og upplýsingagjöf.

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004 ber þeim, sem sækja um að taka barn í fóstur að sækja námskeið á vegum Barnaverndarstofu áður en leyfi er veitt. Markmið með námskeiði er annars vegar að leggja mat á hæfni umsækjanda og hins vegar að veita umsækjanda nauðsynlega þjálfun og undirbúa hann undir hlutverk sitt.

Markmið námskeiðsins er að veita þátttakendum þekkingu og skilning á ástæðum þess að barnið þarf að flytja frá foreldrum, og þörf barnsins fyrir aukna umönnun. Fósturforeldrar sinna mikilvægu verkefni og hafa hlutverki að gegna gagnvart fjölskyldu barnsins og barnaverndarnefndinni sem er með mál barnsins. Því er nauðsynlegt að hafa skilning á samstarfi innan teyma auk lágmarks þekkingar á störfum barnaverndarnefnda, lagaumhverfi og hlutverki fósturforelda.

Þetta bréf er sent til þeirra sem eru árið 2016 á skrá Barnaverndarstofu sem fósturforeldrar barna innan fjölskyldu. Þeir sem hafa tök á að mæta á námskeiðið eru vinsamlegast beðnir um að skrá þátttöku sem fyrst eða í síðasta lagi fyrir 15. febrúar 2017 í síma 530 2600 eða með tölvupósti: steinunn@bvs.is

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Steinunn Bergmann